



Reykjavík, 16. maí 2021

Velferðarnefnd Alþingis

Erindi: Umsögn við Þingskjal 1358 – 775. mál.

Einstakt tækifæri til að laga alvarlegan galla og mismunun í lögum 155/2020

um greiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar á tímum kórónuveirufaraldurs.

Stjórnvöld á Íslandi hafa ríkan skilning á hve mikilvægt íþróttá- og æskulýðsstarf er fyrir uppvöxt og þroska barna og unglunga. Þau hafa sýnt það í verki með öflugum fjárstuðningi við skipulagt íþróttá- og æskulýðsstarf sem hafði orðið fyrir brotsjó vegna Covid19 veirunnar. Það má sannarlega þakka fyrir það sem vel er gert og hrósa þeim sem leitt hafa þá vinnu. Stærsti liður í aðgerðarþakka stjórnvalda eru lög um greiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar og verktakagreiðslna á tímum kórónuveirufaraldurs (lög 155/2020), sem samþykkt voru sl. vetur. Lög sem nú sendur til að breyta, svo gildistími þeirra lengist um sex mánuði.

Málaflokkurinn íþróttá- og æskulýðsstarf

Það er mikilvægt að á Íslandi sé í boði fjölbreytt og vandað íþróttá- og æskulýðsstarf. Íþróttirnar skipa þar vissulega stóran sess, en við verðum að muna að það eru ekki öll börn sem finna sig í íþróttunum. Fjöldmörg þeirra eiga meiri samleið með öðru skipulögðu æskulýðsstarfi.

Þar sem íþróttahreyfingin er stór og áberandi aðili þarf oft að áréttta að undir málaflokkinn heyrir einnig skipulagt æskulýðsstarf sem ekki er starfrækt undir formerkjum íþróttá. Í þeim hópi eru KFUM og KFUK, Bandalag íslenskra skáta og fleiri aðilar sem starfa á grundvelli æskulýðslaga og gera samning þess eðlis við Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Þessir aðilar eru eðli málsins samkvæmt ekki aðilar að Íþróttá og ólympíusambandinu.

Stór galli í lögnum

Sá galli kom strax fram lögnum að þau ná eingöngu til íþróttafélaga innan Íþróttá og ólympíusambands Íslands. Lína var dregin þvert yfir málaflokkinn íþróttá- og æskulýðsstarf. Björgunarhring var kastað til þeirra félaga sem skilgreina sig sem íþróttáfélög, meðan hin hafa troðið marvaða. Í því felst óþolandi mismunun sem við bentum á við setningu laganna í desember, en ekki gafst svigrúm til að laga.

Það það er mjög slæmt að stjórnvöld hafi sent út þau skilaboð að æskulýðsstarfið í íþróttahúsinu sé mikilvægara en æskulýðsstarfið í skátaheimilinu. Öllum má vera ljóst hve galið það er, að t.d. karatedeild Breiðablíks geti sótt stuðning í nafni laganna, en skátafélagið Kópar sé skilið eftir fyrir utan. Báðir aðilar standa fyrir öflugum og faglegum æskulýðsstarfi í Kópavogsdal og báðir aðilar tilheyra heildarsamtökum með þjónustusamning við Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Nú gefst tækifæri til að leiðrétta

Núna þegar verið er að breyta fyrrgreyndum lögum, gefst kjörið tækifæri til að laga þennan galla. Samhliða því sem líftími laganna verður lengdur má umorða aðra málsgrein í 3.gr. laganna svo hún hljóði:

1. *Íþróttafélag*: Lögaðili innan vébanda Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, **Bandalags íslenskra skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og annarra samtaka sem hafa í nafni íþróttá- og æskulýðsstarfs þjónustusamning við Mennta- og menningarmálaráðuneytið**, þ.m.t. einstakar deildir sem starfa á vegum lögaðilans.

Þar sem um tímabundna löggjöf er að ræða, tel ég að ekki þurfi að gera frekari breytingar til að plástra sárið og tryggja lögin nái yfir málaflokkinn íþróttá- og æskulýðsstarf, óháð því hvort starfið fari fram undir formerkjum íþróttá eða ekki.

Með þessari einföldu breytingu væri opnað fyrir að lögaðilar innan fyrrgreindra hreyfinga geti með jöfnum hætti sótt stuðning til Vinnumálastofnunar.

Rétt er að undirstrika að fjöldi þeirra samtaka sem hafa formlegan samning við Mennta- og menningarmálaráðuneytið í nafni íþróttá- og æskulýðsstarfs er takmarkaður og vel skilgreindur. Með breytingunni er því ekki verið að opna á neinar óskilgreindar flóðgáttir.

Að lokum

Velferðarnefnd Alþingis hefur núna einstakt tækifæri til að leiðrétta þau mistök sem gerð voru á liðnum vetri við setningu laga nr. 155/2020. Mistök sem sendu mjög slæm skilaboð út í samfélagið, mistök sem eru engum til sóma.

Á sama tíma og við fögnum því að lögum nr. 155/2020 verði breytt svo gildistími þeirra lengist um sex mánuði, hvetum við Alþingi til þess að breyta þriðju grein laganna, svo viðurkenndar æskulýðshreyfingar, sem ekki starfa undir formerkjum íþróttá, geti sótt eftir þeim stuðningi sem lögin heimila, til jafns við íþróttafélögin.

Virðingarfyllst



Tómas Torfason
framkvæmdastjóri KFUM og KFUK á Íslandi
tomas@kfum.is / Sími 896 3199